
DV

Sviðsljós


Í hringiðu helgarinnar



Keppnin um titilinn ungfrú Ísland fór fram á Hótel Íslandi sl. föstudagskvöld. Það var mikil spenna í andrúmsloftinu þegar dómarar greindu frá úrslitunum enda keppnin hörð. Það var **Margrét Skúladóttir Sigurz** sem hreppti titilinn, **Birna Bragadóttir** varð í öðru sæti og **Unnur Guðný Gunnarsdóttir** í því þriðja.



Það voru ófáir unglingar sem skelltu sér í miðbæinn á föstudagskvöldið til að halda upp á lok prófanna sem staðið hafa yfir að undanförnu. Þær **Málfríður Bjarnadóttir** og **Ásta Friðriksdóttir** röltu um miðbæinn, ánægðar yfir því að vera búnar í prófunum og sögðust hlakka til komandi sumars.



Trambólínið var vinsælt hjá yngstu kynslóðinni á fjölskylduhátíð sem Bústaðasókn stóð fyrir um hvítasunnuna. Fjöldi fólks skemmti sér saman í blíðunni við margs konar leiki og þrautir ásamt því sem kirkjukórinn söng. Auk Bústaðasóknar stóðu Víkingur, skátafélagið Garðbúar, KUFM og K og Kvenfélag Bústaðasóknar að hátíðinni sem tókst í alla staði mjög vel.



Það var mikið fjör hjá nemendum í grunnskólum Breiðholts þegar þeir héldur sameiginlega upp á fimmtíu ára lýðveldi Íslands sl. föstudag. *Ákveðið var að taka forskot á afmælishátíðina og halda upp á afmælið* saman áður en skóla væri slitið. Börnin mættu því galvösk á Leiknisvöllinn með blöðrur og fána í hinu eina sanna hátíðarskapi.



Skúlptúr/skúlptúr/skúlptúr er yfirskrift sýningar sem var opnuð formlega að Kjarvalstöðum sl. laugardag. Þessi sýning hefur það markmið að bregða ljósi á íslenska samtíma og höggmyndalist eða öllu heldur skúlptúrgerð. Valin voru verk eftir 30 íslenska listamenn sem taldir eru til heyra svokallaðri SÚM kynslóð. Yngsta kynslóðin sýndi sumum skúlptúrunum á Kjarvalsstöðum mikinn áhuga og skoðaði hún t.d. þetta verk gaumgæfilega.



Gospelkórinn, samkirkjulegur unglingakór sem undanfarið eitt og hálft ár hefur sungið víða í kirkjum og söfnuðum Reykjavíkur, hélt tónleika á Ingólfstorgi annan í hvítasunnu. Stjórnandi kórsins er **Ester Daníelsdóttir** og áttu þessir fögru tónar vel við á þessum friðsæla hátíðisdegi.



Fjöldi fólks notaði sumarblíðuna annan í hvítasunnu til að hlusta á tónleika Gospelkórsins á hinu nýja Ingólfstorgi í miðborg Reykjavíkur. Kórinn söng trúarlega tónlist í anda hvítasunnuhátíðarinnar og átti það vel við á þessum friðsæla sumardegi.

